

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 10 – 2023

Staður: Teams

Tími: miðvikudagur 29. nóvember 2023 kl. 13:00

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Þorvaldur Ragnar Þorbjarnarson, Haukur Þórðarson, Þórunna Jónsdóttir, Daði Már Kristófersson, Jóhannes Sveinbjörnsson. Ingvar Pétur Guðbjörnsson var forfallaður. Theódóra Ragnarsdóttir rekstrarstjóri sat fundinn undir 4. og 5. lið.

1. Öryggisvörður. Tillaga um að Gunnar Viðar taki við af Gísla til vors þegar skipa á nýja fulltrúa. Samþykkt.

2. Siðareglur : Umræða og tillaga til afgreiðslu. Siðanefnd Lbhí hefur uppfært drög að siðareglum Lbhí og hefur við þá vinnu tekið mið af ábendingum sem komu fram á vinnufundi starfsmanna um drög að nýjum siðareglum. Engar efnisbreytingar eru frá fyrri drögum, eingöngu áherslubreytingar og málfarsleiðréttingar. Siðanefnd hefur þó tvær ábendingar til háskólaráðs: 1) að skv. 10. grein starfsreglna siðanefndar skulu niðurstöður nefndarinnar að meginreglu vera birtar opinberlega. Háskólaráð þarf að meta kosti og reglu slíkrar meginreglu; 2) Þess er farið á leit að drögin verði send til yfirlestrar til að tryggja kynhlutlaust orðalag.

Umræða varð um þessar ábendingar siðanefndar og ákveðið að vísa því til siðanefndar: 1) að fella út 10. grein 2) að senda drögin til yfirlestrar til að tryggja kynhlutlaust orðalag.

Endanleg afgreiðsla siðareglna verður með tölvupósti.

3. Stefna Lbhí 2024-2028: Umræða og tillaga til afgreiðslu. Stefnan var kynnt fyrir hagaðilum á dögnum, mæting var góð og lítið af athugasemdum. Háskólaráð samþykkir stefnuna eins og hún liggur fyrir.

4. Fjárlagafrumvarp – áætlun 2024

Rekstrarstjóri kom inn á fundinn undir þessum lið. Áætlun 2024 á að skila 1. des og þriggja ára plani viku síðar. Fundur verður í ráðuneytinu í dag um jarðræktarmiðstöð og önnur fjárfestingaverkefni. Beðið hefur verið um að fá að flytja ónotaða fjármuni/fjárheimildir milli ára. Drög að áætlun fyrir 2024 er ca 150 milljónir í mínus, miðað við fjárlagafrumvarpið eins og það lítur út nú. Fjárheimild í gegnum háskólaráðuneyti er 85 milljónum lægri en árið 2023 og um 15 milljónum lægri frá matvælaráðuneytinu. Aðhaldskrafa kemur inn á alla liði rekstrar, einnig á húsnæðiskostnað sem lítið er hægt að hreyfa við. Sértekjur hafa aukist töluvert.

5. Útfærsla á aðhaldskröfu : Umræða og tillaga til afgreiðslu. Bréf ráðuneytis barst um útfærslu Lbhí á aðhaldskröfu vegna 2024 um niðurskurð á launalið um 9,9 milljónir, önnur gjöld um 8,6 milljónir og lækkun ferðakostnaðar um 3,4 milljónir. Bréfinu hefur verið svarað, meðal annars á þá leið að Lbhí muni ekki fækka fólki, heldur verði dregið úr liðum eins og stjórnunarkostnaði, ferðakostnaði og að ferlar verði straumlínulagaðir. Lagt er til að einfalda vinnutímaskráningu þannig að Kolar haldi utan um kennslu en aðrar vinnutímaskráningar verði fyrst og fremst á tekjuberandi verkefni (þjónustu- og rannsóknaverkefni), auk orlofs og veikinda en ekki sérstakar skráningar varðandi dagleg störf og slíkt. Vinnutími þarf áfram að vera sveigjanlegur eftir árstímum og verkefnum. Ákveðið að hugmyndir að breyttu fyrirkomulagi verði teknar til umræðu á starfsmannafundi.

6. Umræða um skipurit : Umræða, tengist einnig efni 5. liðar; en ekki síst varðandi þann fjölda námsbrauta og deilda sem er til staðar; að einföldunar sé þörf. Rætt að slíka umræðu þurfi að taka innan skólans nú í framhaldi af samþykkt nýrrar stefnu og stefna að mögulegum breytingum á næsta skólaári.

7. Mál til upplýsingar og næsti fundur:

- a. Reiknilíkan háskólanna hefur verið í samráðsgátt – umsögn Lbhí hefur verið send þar inn.
- b. Jarðræktarmiðstöð – áætlun hefur verið gerð miðað við að reisa hana á 3 árum sbr. umræðu á síðasta fundi, miðast við að vinna lóð og heildarbyggingu á 1. ári; fyrri byggingin innréttuð á 2. ári og seinni byggingin á 3. ári. Þessu hefur verið skilað í ráðuneytið og er til umfjöllunar þar.

Þetta er síðasti fundur ársins, síðareglur verða afgreiddar með tölvupósti milli funda. Fyrsti fundur næsta árs verður að öllu óbreyttu 30. janúar 2024.

Fundi slitið kl. 14.50.